

Ég persónulega geri hér alvarlegar athugasemdir við fjármálaáætlun ríkstjórnarinnar 2018-2022, mál nr. 402.

Því til rökstuðnings er eftirfarandi:

SAMKEPPNISSTAÐA

Nú þegar er samkeppnisstaða innlendra ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjanda erfið. Með hækkandi gjöldum á greinina og styrkingu krónunnar hafa verðin hækkað og viðbrögð samstarfsaðila erlendis (söluaðila) eru tvenns konar.

1. Skrifstofur hætta við ferðir til Íslands og fara einfaldlega til annarra landa.
2. Skrifstofur skera niður kostnað með því að:
 - Styttu ferðirnar
 - Lækka þjónustustig
 - Koma með sitt eigið starfsfólk (leiðsögumenn, bílstjóra og bíla)

FYRIRVARI

Enn einu sinni er ætlunin að bæta gjöldum á ferðapjónustuna með fyrirvara sem er óásættanlegur. Ferðaskrifstofur eru nú þegar farnar að gefa úr verð fyrir árið 2019, verð sem þegar er búið að setja í prentaða bæklinga eða inn á heimasíður erlendra söluaðila og farþegar farnir að kaupa ferðir á þeim verðum hjá erlendu samstarfsaðilunum.

Breytingar þarf að gera með a.m.k. 24 mánaðar fyrirvara!

MARKMIÐ

Ef markmiðið með hækkun VSK á ferðapjónustu er að fá inn auknar skatttekjur er ekki líklegt að árangur verði í samræmi við áætlun. Eins og áður hefur komið fram mun ferðapjónustan aðlaga sig, erlendir aðilar koma í auknu mæli beint og án þess að greiða skatta og gjöld hér á landi. Erlendi ferðamaðurinn mun kaupa sér minni þjónustu hérlendis, ferðast á ódýrari hátt en áður og stoppa styttra.

GREINING Á VERKEFNINU

Það undrar mig einnig hversu lítil (lesist engin) greining var gerð áður en ákvörðun var tekin. Það gefur auga leið að þessi ákvörðun hefur gífurleg áhrif á stærstu atvinnugrein landsins og að hún skuli tekin án nokkurs samráðs við fagaðila innan ferðapjónustunnar, án nokkurrar greiningar á viðfangsefninu, án þess að ásættanlegur fyrirvari sé gefinn er virkilega vanhugsuð og illa unnin framkvæmd.

ÁHRIF Á AÐRAR GREINAR

Það má heldur ekki horfa fram hjá því að þessi framkvæmd mun hafa áhrif á fjölda annarra atvinnugreina. Fækkun ferðamanna mun þýða lækkun tekna í hótél-, veitingahúsa-, afþreyinga- og ferðaskrifstofugeiranum. Sem aftur hefur þau veltutengdu áhrif að lækka tekjur hjá þeim sem skaffa þessum greinum aðföng. Sem dæmi má nefna olúfélög, flugfélög, bændur o.fl.

Og það þýðir aftur fækkun á atvinnutækifærum sem leiðir af sér meira atvinnuleysi.

Með vinsemd og virðingu,
Best regards / Kær kveðja
Ragna Björk Georgsdóttir